

RÍKI – flóra, fána, fabúla

Umræðufundur 18. september 2016 í Listasafni Reykjavíkur
Samstarf Listasafns Reykjavíkur og Náttúruminjasafns Íslands

Málþing og sýningarlok á RÍKI – flóra, fána, fabúla

Listasafn Reykjavíkur og Náttúruminjasafn Íslands standa að umræðufundi í tengslum við sýninguna RÍKI – flóra, fána, fabúla sem staðið hefur í sumar í Hafnarhúsinu og er senn á enda. Listamenn sem eiga verk á sýningunni deila hugleiðingum sínum um hlutverk og möguleika myndlistar þegar kemur að áhuga og ábyrgð mannsins á lífríki jarðar. Fulltrúar safnanna taka þátt í fundinum og velta upp spurningum um samlegð lista og raunvísinda.

Að samræðum loknum er gestum boðið upp á leiðsögn Markúsar Þórs Andréssonar sýningarstjóra um sýninguna en þetta er jafnframt síðasti sýningardagur.

Þátttakendur:

Anna Fríða Jónsdóttir, myndlistarmaður

Dr. Hilmar J. Malmquist, líffræðingur og forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands

Markús Þór Andrésson, sýningarstjóri og verkefnisstjóri dagskrár í Listasafni Reykjavíkur

Olga Soffía Bergmann, myndlistarmaður

Unndór Egill Jónsson, myndlistarmaður

Á sýningunni RÍKI – flóra, fána, fabúla eru tengsl manna við hina lifandi náttúru til skoðunar. Sýningin er viðamikil og veitir áhorfendum innsýn í listsköpun ólíkra listamanna með verkum frá síðustu árum og áratugum, glænýjum verkum sem og öðrum eldri úr safneign Listasafns Reykjavíkur.

„Hvernig leitar samtímalist fanga í ríki náttúrunnar? Listasagan endurspeglar frá upphafi vega áhuga manneskjunnar á lífríki jarðar en í seinni tíð hefur orðið umbylting á viðhorfi manna þar á. Vísindalegar uppgötvanir hafa kollvarpað gamalgrónum hugmyndum með aukinni innsýn í smæstu einingar lífsins sem og yfirsýn yfir samspil flókinna vistkerfa. Hin ríkjandi hugmynd um manneskjuna sem drottandi veru en annað líf sem óæðra og af öðrum toga hefur vikið fyrir vitneskjunni um að allt lífríki byggist á sama grunni. **Samt sem áður virðist það fjarri mannum að láta af tilburðum til þess að ráðskast með lífið og temja í sína þjónustu.** Aukin þekking hefur stöðugt vakið nýjar spurningar og ennfremur skilið eftir svigrúm fyrir óvissu, trú og von (eða ótta) um nýjar uppgötvanir handan við hornið.

Viðhorf samtímalistamanna til náttúrunnar vega salt milli þess að vilja skoða hana á hlutlægan hátt eða nota hana sem spegil á eigið sjálf og samfélag. Hvort tveggja býður upp á frjóar og snjallar túlkanir sem ýta undir skapandi hugsun og vekja jafnframt spurningar um stöðu mannsins gagnvart umhverfi sínu. Rétt eins og náttúrunni hefur verið skipað í flokkunarkerfi má greina flokkadrætti í mismunandi aðferðum ólíkra listamanna. Sem dæmi má nefna rannsóknarmiðaða aðferð, allegóríska, fagurfræðilega og jafnvel súrrealíska. Þverfagleg hugsun hefur opnað fyrir nýstárlega nálgun þar sem samkrull myndlistar við raunvísindi, heimspeki, vísindaskáldskap og sögu skipar veigamikinn sess.“

Af heimasíðu Listsafns Íslands um sýninguna Ríki, flóra, fána, fabúla.

Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands
Erindi á málþingi 18. september 2016 í Listasafni Reykjavíkur

„Lagt upp með tvær meginspurningar:

- **Afstaða raunvísinda til hinnar lifandi náttúru?**
- **Tengsl raunvísinda og myndlistar gagnvart náttúru.**

Þetta eru vangaveltur.

Nokkur atriði til hliðsjónar og umhugsunar:

- Í aðfaraorðum safnstjóra Listsafnsins í sýningarskrá fyrir sýningunni er sagt að þær „*sérstöku aðstæður eru upp í íslensku safnalífi að ekki er aðgengilegt opinbert náttúrufræðisafn í þerri mynd sem þekkt er víða erlendis.*“ Þetta er í aðalatriðum rétt og auðvitað hneisa að Náttúruminjasafn Íslands, höfufasafn Þjóðarinnar í náttúrufræðum, skuli búa við fjársvelt og ekki hafa yfir að ráða eigin aðstöðu til sýningahalds. Safnstjórinn segir líka að ekki sé „*fyrirséð að slíkt safn verði til á næstu misserum.*“ Þessi staðhæfing er ekki rétt því það er alls ekki útilokað að Náttúruminjasafnið taki þátt í sýningagaldi í Perlunni á næstunni, jafnvel fyrir árslok 2017, ef allt gengur að óskum. Fyrir mennta- og menningarmálaráðherra liggur erindi frá Perlu norðursins ehf., sem gert hefur leigusamning við Reykjavíkurborg um náttúrusýningu í Perlunni, þar sem Náttúruminjasafninu er boðin heil hæð til eigin sýningahalds safnins að endurgjaldslaus, auk þess sem félagið ábyrgist allan rekstrarkostnað safnsins (laun, húsaleigu, rafmagns- og hitakostnað). Á móti komi framlag ríkisins við stofnkostnað á uppsetningu sýningarinnar á hæð Náttúruminjasafnsins. Erindið var afhent ráðherra í maí sl. og vonandi verða undirtektir jákvæðar áður en of langt um líður!
- Af hverju að skilja á milli vísinda og lista (science vs. art debate)?
- Af hverju að skilja í sundur raunvísindi frá öðrum vísindum?
- Hvað eru vísindi? Þekking (kerfi þekkingar) (og staðreyndir) byggð á upplýsingum um alheiminn (hinn efnislega og huglæga heim) sem hægt er að sannreyna með empirískum aðferðum (endurteknum mælingum/athugunum/tilraunum/prófunum)/vísindalegri aðferðafræði.
- **Afstaða raunvísinda til hinnar lifandi náttúru?**

Raunvísindi almennt umgangast náttúru á mjög pragmatískan hátt. Flest allt undir sólinni er vegið og mælt í því augnamiði að bíta og brenna - hagnýta auðlindir og gjafir náttúrunnar til að komast af og fjölga sér. Í sjálfu sér ekki slæmt ef umgengnin og auðlindanýtingin er varfærnisleg, fjölbreytt (óbein og bein nýting) og á sjálfbærum nótum með langtíma hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi. Nýtingin er bara almennt ekki með þessum hætti.

Einkum STEM greinar (Science, Technology, Engineering & Math) og tiltekin náttúruvísindasvið blómstra – eru svo nátengd atvinnulífinu og peningavaldinu sem hagnýtir náttúruna með beinum hætti. Mörg önnur vísindasvið, einkum e.t.v. hugsvísindi en einnig ákveðin náttúruvísindi mega sín lítils.

Náttúran er í augum nýtingageirans, þ.m.t. hluta vísindageirans, **lítið annað en afurðir fyrir manninn – jafnvel afurðir SKAPAÐAR FYRIR** manninn – ekki til neins gagns og jafnvel óþurftar ef hún er ekki nýtt á einhvern meðvitaðan hátt til framgangs fyrir manninn.

Hér á landi höfum við mörg góð dæmi um þessa afstöðu. Skýrast kemur hún fram varðandi virkjun vatnsfalla. Ítrekað er því haldið fram af talsmönnum og fræðimönnum í orkugeiranum að óbeislaðar

ár séu „gagnslausar“ og sóun á tækifærum til að auka hagvöxt og bæta lífsskilyrði (og þessa afstöðu (mikill vill meira) segir ein ríkasta og heilbrigðasta þjóð Jarðar)! Er ekki komið nóg – er þetta ekki orðið ágætt? Hvaða þörf höfum við fyrir að hafa það betra? Er það virkilega betra að eiga tvo bíla en einn, 300 fermetra hús í stað 100 fermetra, 50 tommu TV í stað 35, 3 tonna pallbíl sem rúmar tvo í bæjarumferðinni o.s.frv.?

Og hvað gerir náttúran? Þetta er SPURNINGIN sem nýtingageirinn verður að spyrja sig. Hvað gerir vatnsfall sem rennur undan jökli til sjávar? Um er að ræða m.a. flókin flutning á efni og orku frá einum stað til annars, frá einu vistkerfi til annars (land, sjór, veðurhvolf, úrkoma, land – hringrás). Lífkerfi í hafinu hafa þróast með og aðlagast að framburði vatnsfalla bæði m.t.t. efna (næringarefni og steinefni í sambandi við koltvíldisbindinug og súrsutig hafs) og vatnsbúskapar (t.d. tímasetningu á ferkvatnsgusum í strandsjóinn). Og hvað gerir mosi á hálendinu? Er hann einskis nýtur af því að hann er lítið étinn og ekki virkjaður? Nei, hann ræður líklega mjög miklu um bindingu á CO₂ á landsvísu og kemur mikið við sögu varðandi temprun á hitastigi og raka meðal örvera í laginu milli gróðurs og bergs. Með öðrum orðum, hvert er eðli og gerð viðkomandi lífveru/náttúrufyrirbæris, hvernig tengist viðkomandi öðrum lífverum, öðrum þáttum í vistkerfinu og hvernig tengjast vistkerfi og mynda lífkerfi og stærri heildir á Jörðu, eða í víðáttu alheimsins?

Ekki þarf að taka fram að þessi afstaða til náttúrunnar (náttúran fyrir manninn) **gengur engan veginn upp gagnvart þróunarkenningunni** um uppruna tegunda og þróun lífs. Líf leiðir fram, nýjar tegundir verða til af öðrum, fyrir tilverknað náttúruvals sem vinnur á svipgerðum og grundvallast á erfðabreytileika lífveranna, hegðun og gerðum þeirra og breytileika í umhverfinu sem lífverurnar búa við. Náttúran er sem sagt ekki sköpuð fyrir manninn – hún „bara“ ER og maðurinn er mjög síðbúin afurð í þróunarferli lífs til þessa og ætti m.a. þess vegna sýna af sér ákveðna auðmýkt.

Jörðin er um 4,6 milljarða ára gömul. Líf á Jörðu hefur þrífist í um 3,8 milljarða ára, fyrstu mannapar komur fram í Afríku fyrir um 5 milljón árum og *Homo sapiens* hefur verið hér í um 200.000 ár!
Sýnum hófsemi og virðingu og eilítla undirgefni - við erum dropi í alheimshafinu!

Um flokkun, sundurgreiningu og kerfisvæðingu.

Er bara leið mannsins til að „ná tökum“ á umhverfinu – að minnka óvissu um framtíð sína.

Allt í lagi með það – spurningin er bara hvernig þekkingin er nýtt!

Hverju hefur ríkjandi afstaða raunvísindanna (hluta hennar) skilað okkur/mannkyninu? Hver er staða náttúru Jarðar? **Hún er ekki í því ástandi sem við viljum.** Álag á vistkerfi Jarðar hefur vaxið stöðugt frá innreið tækninna (oft miðað við 1860), stofnar villtra dýra standa margir mjög illa, tegundir dáíð út, mengun spillt og eyðilagt vistkerfum, búsvæðaröskun sömuleiðis og umfangsmiklar hnattrænar breytingar stefna lífi í voða, loftslagsbreytingar, hlýnun lofts og vatns og súrnun hafanna.

Ríkjandi raunvísindi og beintenging þeirra við eindregnustu og harðsvíruðustu peningaöflin eru ekki rétta leiðin að farsælli framtíð. Hverjir geta breytt því?

Af hverju er staða Náttúruminjasafnsins, höfuðsafnsins í náttúrufræðum, eins og hún er í dag?

Hentar það e.t.v. ekki valdhöfum hafa stofnun sem upplýsir um þá þætti náttúrunnar sem ekki eru „hagsmunatengdir“ eða kann að varpa neikvæðu ljói á náttúrunýtingu viðkomandi?

- **Tengsl raunvísinda og myndlistar gagnvart náttúru.**

Hvar liggja leiðir raunvísinda og lista saman gagnvart náttúru og hvað greinir þær að? Hverju bæta rannsókn- og úrvinnsluaðferðir myndlistar við þekkingu/reynslu manna á lífríkinu og samband okkar við hina lifandi náttúru?og öfugt!

Það er sameiginlegt að bæði listir og vísindi eru háð náttúru beint og óbeint. Allar gerðir allra manna eru komin undir því að kerfi náttúrunnar fái að starfa eins og náttúran býður. Maðurinn getur ekki, og á ekki að reyna að útbúa umhverfi sem er algjörlega stýrt af manningum - þar sem maðurinn hefur fulla stjórn á ÖLLU. Því ef sú tilraun gengur of langt þá hrynur náttúran og maðurinn með.

Sameiginlegt vísindum og listum er einnig að báðar greinar beita **röklegri nálgun** (vísindalegri aðferðafræði) til að varpa ljósi á náttúruna, umgengni okkar við hana, umhverfið og tilvist okkar og annarra.

Það sem greinir að er e.t.v. að listin er ekki eins háð þeim peningaöflum/valdi sem byggja á beinni nýtingu náttúruauðlinda og hefur því meira frelsi/svigrúm til að tjá sig um náttúruna og umhverfið? Og þar af leiðandi varpar listin öðru ljósi og kannski sannara á tilveruna? Bætir sem sagt upp það sem á vantar í meðferð raunvísinda á náttúrunni.

Listin, er hún ekki almennt gagnrýnni á meðferð mannsins á náttúrunni og þar með öflugri náttúruverndari?

Og vel a merkja, segjum sem svo að það sé fabúla sem listin elur af sér í meðferð sinni á náttúrunni, (sem ég er ekki viss um að sé rétta hugtakið), þá er hún engu að síður afurð mannlegrar skynjunar og hugsunar og þ.a.l. hluti af raunveruleikanum. Jafn sannur og annar raunveruleiki!“

3 glærur til stuðnings:



Icelandic Museum
of Natural History
Brynjólfsgata 5
IS-107 Reykjavík
S./Tel. 577 1800
nmsi@nmsi.is
www.nmsi.is

Ríki, flóra, fána, fabúla

- Afstaða raunvísinda til (hinnar lifandi) náttúru
- Tengsl raunvísinda og lista varðandi náttúru...

...skörun og frávik – hvað er líkt og ólíkt með þessum greinum?

Hilmar J. Malmquist forstöðumaður

Umræðufundur í Listasafni Reykjavíkur – 18. september 2016
Samstarf Listasafns Reykjavíkur og Náttúruminjasafns Íslands

GILJABILID - 1



Maðurinn (raunvísindi) hefur tilhneigingu til að skoða, flokka og greina í sundur – smætta náttúruna og safna henni og búa til röð og reglu. Líklega frumhvöt sem miðar að því að vera öruggari um framtíð sína og sinna. Skilja umhverfi sitt betur og ná tökum á því eftir fremsta megni. Vegna tengsla við sterk hagsmunaöfl á sviði náttúrunýtingar (fiskveiðar, námugróftur, virkjanir o.fl.) hefur hluti raunvísinda, einkum STEM-greinar, mjög pragmatíska afstöðu til náttúrunnar – náttúran býr yfir AFURÐUM sem eru gagnslausar og fara til spillis ef maðurinn nýtur þær ekki eða beislar. Auðvitað er náttúran annað og miklu meira en þetta! Nægir að nefna að tilvist mannsins í náttúru Jarðar spannar einungis örlítið brot af aldri Jarðar (Jörðin ca. 4,8 milljarðar ára en *Homo sapiens* aðeins um 200.000 ára).

Myndin (HJM) er frá Vébjarnarnúpi á Snæfjallaströnd og sýnir giljótt bergstál frá tertíer. Á ferð minni um Vestfirði í sumar tók ég í fyrsta skipti eftir því hve víða á Vestfjörðum er ótrúlega jafnt bil á milli gilja á löngum köflum efst í klettastáli fjalla. Misjafnlega breitt meðal fjalla. Mjög áberandi t.d. að norðanverðu í fjallinu Hesti í Korpudal inn af Öfundarfirði (ég gekk þar niður af Álftafjaraheiði úr Álftafirði ásamt hópi jarð- jarðeðlisfræðinga o.fl.). Ég spurði fræðimennina á þessu sviði hverju þetta sæti en lítið var um greinargóð svör. Setti líka upp stöðu á Facebook (með mörgum myndum af reglulegum gilabilum) og spurði nokkra valinkunna fræðimenn, m.a. prófessor Ólaf Ingólfsson um þetta. Hann vísaði í sprungur og ganga, vatns- og vindrof – sem er gott og blessað og kemur e.t.v. ekki á óvart, en eftir stendur ósvarað af hverju bilið er svo reglulegt. Í öllu falli er reglan mun meiri en óreglan! Það hefur komið mér á óvart að fræðin hafi ekki skýringar á reiðum höndum um þetta fyrirbæri (virðist vera svo ráðandi og almennt). Stafar þetta af því að þetta náttúrufyrirbæri hefur ekki neina beina tengingu við þann hluta náttúruvísinda sem mestu ræður í dag – STEM-greinar o.fl. sem eru tengd sterkum hagsmunaöflum í atvinnulífinu (sjávarútvegur, virkjanir, vegagerð o.fl) og þurfa ekkert að vita um svona lagað?

Þessi umræða tengist umræðunni um „árattu“ manna að flokka náttúruna sífelld, greina í sundur og smætta niður og finna röð og reglu á umhverfinu sínu. Þessi „áratta“ mannsins þarf ekkert að vera slæm ef niðurstaðan er notuð á skynsamlegan hátt. Svo er sem sagt líka að finna röð og reglu í náttúrunni – auk óreglu og kaos – og eðlilegt, og ekki síður gaman, að leita svara við orsökum svoleiðis fyrirbæra.

GILJABILID - 2

